

Heimsókn í Félagsmiðstöðina Aflagrandu 14-16

Á móti okkur tók Guðbjörg deildarstjóri félagsþjónustunnar og Óskar Dýrmondur framkvæmdastjóri. Mætt voru auk mín: Hrafnhildur Stella Sigurðardóttir/Gunnarsbraut, Birna Birgisdóttir/Gunnarsbraut og Lilja Rún Tumadóttir/Hverfisgötu.

Það fyrsta sem maður tók eftir var að umhverfið var aðlaðandi og fólki virtist líða vel og móttökur voru mjög góðar. Við fengum góða kynningu á starfseminni og okkur voru sýnd húsakynnin. Þarna voru stjórnendur sem voru opnir fyrir nýjungum og voru tilbúin til að koma til móts við sérhverjar þær þarfir borgarbúa um félagslega virkni sem þeim bárust. Stærsti hópurinn sem nýtir félagsmiðstöðina eru íbúar á Aflagrandu.

Á Aflagrandu er einnig starfræktur á laugardögum hópurinn 40+ og er alveg mögulegt að einhverjir af íbúum þjónustukjarnanna geti nýtt sér það. Sú starfsemi er mjög vinsæl og vel sótt. Einnig var það sérstaklega tekið fram að þjónustumiðstöðin er fyrir alla og ekki endilega hverfisbundin og bent á þann möguleika að fá lánaðan sal í þjónustumiðstöðinni þegar hann er ekki í notkun.

Við sem þarna vorum mættar ræddum saman eftir kynninguna og okkur þótti gott að vita að hægt væri að fá afnot af sal ef á þyrfti að halda. Við ræddum það að koma á fót einhverju félagsstarfi innan búsetukjarnanna t.d. að stofna saumaklúbb í heimahúsi til að byrja með og ef hópurinn stækkaði væri hægt að nýta salinn. Margar konurnar í búsetukjörnunum þekkjast og mætti gjarnan stuðla að einhverju félagsstarfi meðal þeirra.

Einnig skoðuðum við Dagsetur fyrir heimilislausa að [Eyjaslóð](#). Þar er unnið áhugavert starf. Þar eru rúmlega tvö stöðugildi til staðar og félagráðgjafi frá þjónustumiðstöð miðborgar og hlíða er starfsmaður frá Reykjavíkurborg hálfan daginn eftir hádegi. Dagsetrið er opið hálfan daginn eftir hádegi og þangað kemur fólk til að hvílast og fá næringu og einnig eru föt þvegin á staðnum. Sálfbóðaliðavinna er um helgar bæði frá Samherjum í Hjálpræðishernum og frá Rauða krossinum.